

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Seltjarnarneskaupstaðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Seltjarnarneskaupstaðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur sá af Seltjarnarneshreppi, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 26. febrúar 1973.

Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

5. maí 1981.

Nr. 254.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 183/1973 um nám- og starfsréttindi lyfjatekna með síðari breytingum.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Lokapróf skal haldið sem hér segir:

1. Verklegt próf í afgreiðslu lyfseðla og lyfjagerð, tvöföld einkunn.
2. Verklegt próf í vörubekkingu.
3. Skriflegt próf í heilbrigðis- og hollustuháttum.
4. Skriflegt próf í almennri lyfjafræði.
5. Skriflegt próf í alþýðunöfnum á lyfjum og lyfjabekkingu.
6. Skriflegt próf í lögum, reglugerðum og eyðublaðatækni.
7. Skriflegt próf í lyfjaverðlagningu.
8. Skriflegt próf í lyfjagerðarfræði.
9. Skriflegt próf í lyfhrifafræði og afgreiðslutækni.

Kennarar útbúa prófverkefni í samráði við skólastjórnina. Skólastjórn skipar prófdómara.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10.

Til að standast lokapróf skólans, þarf neminn að hafa fengið að minnsta kosti einkunnina 5 í hverju hinna níu, ofangreindra prófa.

Vegna lokaprófs á neminn rétt á upplestrarfríi á fullum launum, allt að tíu dögum í samráði við lyfsala.

Geti neminn ekki gengið undir próf vegna sjúkdóms, skal hann skila læknisvottorði. Skal honum heimilt að ganga undir sjúkrapróf, sem halda skal við fyrsta tækifæri í samráði við skólastjóra og skólastjórn.

Lokapróf skulu haldin í maí.